

Nd.

391. Framvarp

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða.

Frá fjárveitinganefnd.

1. gr.

Meðan ófriðurinn stendur og þar til öðruvisi verður ákveðið heimilast hjeraðslæknum landsins að hækka gjaldskrá þá, sem um getur í 4. gr. laga nr. 34, 16. nóv. 1907, svo og borgun fyrir ferðir, sem ákveðin er í 5. gr. sömu laga, um allt að 50%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þar sem það virðist óhjákvæmilegt, að bætt sjeu launakjör lækna, en nefndinni hins vegar virðist sanngjarnt, að almenningur taki nokkurn þátt í því að bæta kjör þessara starfsmanna þjóðarinnar sjerstaklega, hefir hún leytt sjer að bera þetta frumvarp fram.